

Áætlun um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár leik- og grunnskóla í Árskógar skóla

Allt frá byrjun skólaársins 2012-2013 hafa kennarar í Árskógar skóla verið að fást við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár. Um umfangsmikið verkefni er að ræða á sama tíma og við mótum nýjan skóla og ný skólanámskrá tekur á sig mynd. Skólinn hefur gert eftirfarandi áætlun um innleiðinguna og fylgir henni í grófum dráttum. Innleiðing nýrrar aðalnámskrár, mótun nýs skóla tveggja skólastiga og gerð skólanámskrár tekur nokkurn tíma að klára en á næstu fjórum árum ætti myndin að vera orðin nokkuð skýr, en breytingaferlinu ætti þó ekki að ljúka þó rammi um nýjan skóla verði þá nokkuð skýr því skólanámskrá er síbeytilegt og lifandi plagg sem mun mótast með skólanum. Þetta er spennandi og skemmtilegt verkefni og það er við hæfi að gefa því þann tíma sem til þarf.

Vorið 2013, eftir fyrsta vetur skólans erum við tilbúin með fyrri hluta skólanámskrár/starfsáætlunar Árskógar skóla sem snertir skólastarfið almennt og unnin er í takt við nýja aðalnámskrá. Eftir fyrsta veturinn hefur kennarahópurinn rýnt í almenna hluta aðalnámskrár, unnið hefur verið með grunnþættina og fræðsla um námsmat hefur farið fram auk þess sem kennarar hafa skilgreint núverandi náms- og þroskamat skólans og hvernig það má bæta, nýr matskvarði aðalnámskrár grunnskóla var nýttur á grunnskólastigi í vor svo óhætt er að segja að skólinn hafi tekið innleiðingu aðalnámskrár föstum tókum samhliða þeim breytingum sem eru í vetur á skólastarfi í Árskógi. Áætlun um frekari innleiðingu er hér að neðan, hún getur breyst en er þessi í maí 2013.

námsA**hugi-þ**R**autseigja-S**a**mvinna-lei**K**ur-útisk**Ó**li-G**leði-U**mhyggja-vi**R**ðing**

Áætlun um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár leik- og grunnskóla í Árskógar skóla

Þáttur aðalnámskrár	Hvernig	Afrakstur	Tími og bjargir
Almennur hluti	-Hver kennari les kaflann	-Umræður og ígrundun -Innsýn í nýjungar	- Haustið 2012 -Fundartímar -Heimalestur/endurmenntun
Grunnþættir menntunar	-Samlestur og hópvinna allra kennara -Taka saman hvernig grunnþættirnir birtast í þeim verkefnum og vinnulagi sem til staðar er í skólanum í dag -Allir vinna með alla grunnþætti	-Staðsetning grunnþátta í núverandi skólastarfi. -Úrvinnsla birt í skólanámskrá	-Skipulagsdagur í janúar 2013
Námsmat	-Helga og Sólveig frá HA með fræðslufund svo unnið í hópum með ýmis gögn um mat	-Staða námsmats í skólanum í dag -Nýjar leiðir/fjölbreytni	-Skipulagsdagur 2. apríl og fundartími 14 ⁰⁰ -16 ⁰⁰ 23. apríl 2013 -Styrkur úr Endurm.sjóði
Námsmat	-Vinna kennara að hugmyndum að matskvarða og leiðum í mati almennt	-Viðmið námsmats, hvað er metið og hvenær	- Vor 2013 -Fundartímar -Undirbúningsdagar
Námsmat	-Hópvinna kennara -Fræðsla og námskeið -Nánari útfærsla á nálgun vinnunnar er unnin af stjórnendum.	-Heildstætt skipulag náms- og þroskamats beggja skólastiga -Birt í skólanámskrá	- Veturinn 2013-2014 og 2014-2015 -Námsmatshefti ráðuneytis -Sérfræðingar -Fundartímar og skipulagsdagar

námsÁhugi-þ**R**autseigja-Samvinna-lei**K**ur-útiskó**Ó**li-Gleði-U**M**hyggja-vi**R**ðing

Áætlun um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár leik- og grunnskóla í Árskógar skóla

Þáttur aðalnámskrár	Hvernig	Afrakstur	Tími og bjargir
Greinanámskrár grunnskólastigs	-Allir kennarar lesa kafla um greinasvið aðalnámskrár; lykilhæfni, námssvið og einstakar námsgreinar - Samlestur og skipting milli greina þ.e. hver grsk.kennari greinir sitt fag/fög - Við námsgreinavinnuna þarf að hafa grunnþættina sex til hliðsjónar og svo hvernig nota má þau verkefni sem til staðar eru til að meta lykilhæfni. -Hver námsgrein/námssvið tekin fyrir í heild á ákveðnu tímabili	-Umræður og ígrundun -Skipulag náms og námshópa - Kennsluáætlanir -Árganganámskrá	-Veturinn 2013-2014 og 2014-2015 -Undirbúningsdagar -Skipulagsdagar -Fundartímar
Námssvið leikskólastigs	-Leikskólakennar lesa um námssviðin og setja markmið innan hvers sviðs -Læsi og samskipti -Heilbrigði og vellíðan -Sjálfbærni og vísindi -Sköpun og menning	-Umræður og ígrundun -Skipulag náms og námshópa -Kennsluáætlanir -Árganganámskrá	-Veturinn 2013-2014 og 2014-2015 -Undirbúningsdagar -Skipulagsdagar -Haust- og vetrarfrí -Fundartímar
Aðalnámskrár leik- og grunnskóla	-Samlestur allra kennara samhliða yfirferð skólanámskrár	-Yfirlestur og ígrundun -Samantekt vinnu	-Veturinn 2014-2015

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing